



Fornleifaskráning í upplöndum Kópavogs



Bjarni F. Einarsson
2020

Forsíðumyndin sýnir rúst (nr. 70:1) syðst í landi Kópavogs fáeina metra frá Bláfjallaveginum. Þjóðvegur 1 er fyrir miðri mynd og Lyklafell í bakgrunni á miðri myndinni. (Horft mót NA. Ljósm. BFE 2019).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Kópavogsbæ.
Apríl 2020.

Inngangur

Að beiðni Kópavogsbæjar kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á svæði sem til stendur að nýta á einn eða annan hátt í framtíðinni (skógrækt o. fl.). Er svæðið sýnt á loftmynd 1. Staðsetning fornleifa/minja er sýnd á myndum 2 og 3.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, Sýslu- og sóknarlýsingar og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram dagana 7. - 21 nóvember 2019, 6. apríl og 28. apríl 2020. Veður var gott flesta dagana.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmynda með staðsetningu fornleifa/minja.

Um kortavinnu sá Kópavogsbær og fulltrúi verkkaupa var Bergljót Sigríður Einarsdóttir verkefnastjóri aðalskipulags.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
55:1	Vörður	2	Ekkert	Engin	Sæmilegt	-1900	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
56:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Léleg	-1900	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
59:1	Fjárhús	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
60:1	Rétt	1	Ábúð	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Könnunarskurðir
61:1	Sel?	1	Ábúð	Lítil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Rannsókn
62:1	Fjárból	1	Ábúð	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
63:1	Grafreitir	1	Ekkert	Engin	Ágætt	-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
64:1-5	Bæjarstæði	5	Ekkert	Engin	Léleg	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Rannsókn
64:1	Bæjarrústir	1	Ekkert	Engin	Léleg	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
64:2	Fjárhús	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
64:3	Túngarður	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Þversnið
64:4	Traðir	1	Ekkert	Engin	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Þversnið
64:5	Rúst	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
65:1	Sel?	1	Landeiging	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Rannsókn
66:1	Rúst	1	Ábúð	Lítil	Sæmilegt	-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
67:1	Gerði	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
68:1	Gerði	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Könnunarskurðir
69:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	-1900	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
70:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
71:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	-1900	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
72:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	-1900	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
73:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
74:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
75:1	Púst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
76:1	Rúst	1	Ábúð	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Rannsókn
81:1	Garður	1	Ábúð	Talsverð	Léleg	-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
82:1	Aðhald	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Könnunarskurðir
83:1	Steinn með áletrun	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1887	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar
84:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
85:1	Gerði	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Könnunarskurðir
	Fjöldi fornleifa/minja	30				Meðaltöl	3,9	3,9		


Tafla yfir skráðar fornleifar/minjar í landi Hólms. Varðandi þá tímabundnu hættu sem hin fyrirhugaða skógrækt kann að valda er vísað í fornleifaskrá. Mótvægisáðgerðir miðast við að ekki sé hægt að tryggja öryggi fornleifanna/minjanna.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Á svæðinu suðvestanverðu sáust nokkrir ungir grunnar að sumarhúsum eða öðrum húsum sem ekki voru skráðir. Ekki voru



Mynd 1. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið sem er afmarkað með rauðri línu, nema vestast, þar markar svarta línan skoðunarsvæðið. (Loftmynd: Loftmyndir ehf.)

stríðsminjar heldur skráðar, en þær eru mjög margar við Holtstanga á Lakheiði skammt austur af fornleifum nr. 73–75.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni hins kannaða svæðis.

Samtals voru 30 fornleifar/minjar undir 25 aðalnúmerum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina.




Mynd 2. Yfirlit yfir staðsetningu fornleifa/minja á vestanverðu könnunarsvæðinu. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Kópavogsbær - Fornleifafræðistofan).

Engar fornleifar töldust hafa hátt minja- og varðveislugildi, en 13 fornleifar töldust hafa talsvert minja- og varðveislugildi (Einn staður með fimm fornleifum, nr. 65:1-5 var talinn í heild sinni hafa talsvert minja- og varðveislugildi þó einar á staðnum hafi haft lítið) og allar voru taldar vera frá tímabilinu 1550-1900. 17 fornleifar/minjar höfðu lítið minja- og varðveislugildi og 11 þeirra eru taldar yngri en 1900, þrjár frá tímabilinu 1550–1900 og einar sem er steinn með áletrun frá 1887.

Allar fornleifarnar/minjarnar utan þrjár eru taldar í talsverðri hættu vegna hinnar fyrirhuguðu skógræktar, en auðvelt ætti að vera að varast þær. Minnt er á 15 m regluna í þessu sambandi. Minjar sem eru yngri en 100 ára njóta ekki verndunar laganna og því ekki hægt að fara fram á mótvægisáðgerðir að óbreyttu.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þeim þarf að raska vegna fyrirhugaðra framkvæmda (planta trjám í eða við þær) þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um



Mynd 3. Yfirlit yfir staðsetningu fornleifa á austanverðu könnunarsvæðinu (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Kópavogsbær - Fornleifafræðistofan).

framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og gördum er gjarnan þverskurður í gegnum þá, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Rannsóknir á yngri húsnum geta einskorðast við þverskurði í leit að eldri minjum undir sé talinn möguleiki á slíku, eða að ákveðinn hluti húsanna séu fullransakaðir, ef allt húsið er ekki fullransakað. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Helstu fornleifar

Tvær rústir eru taldar geta verið leifar tveggja selja, nr. 61:1 og 65:1. Heimildir eru um að bæði Viðey og Erfirisey (Örfirisey) hafi haft í seli á svæðinu. Aðrar rústir koma ekki til greina sem selstöður af þeim sem skráðar eru. Því er aðeins tvennt í stöðunni; leifar seljanna eru enn ófundnar eða að rústirnar tvær eru minjar seljanna tveggja. Verði hægt að staðfesta þetta með rannsókn hækkar minja- og varðveislugildi rústanna beggja upp í einkunina átta. Aðeins eru einar aðrar rústir í landi Kópavogs, sem skráð hefur verið, taldar geta verið leifar sels, en það eru rústir við enda götunnar Laugalind, fornleifar nr. 19:1. Þær eru ekki eins líklegar til að vera selstaða.



Mynd 4. Minjar vestast á svæðinu. (Lofmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Kópavogsbær - Fornleifafræðistofan).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að Viðey hafi átt í seli á fastalandi, en tilgreinir ekki hvar. Selið hét Viðeyjarsel (Jarðabók 1982:304). Í viðbótum við örnefnaskrá Hólms segir hins vegar að Viðey hafi haft í seli „*fyrir framan Selfjall*.“ (Örnefnaskrá. Hólmur).

Einnig segir í Jarðabókinni að Erfersey (Örfirisey) hafi haft í seli „*undir Selfjalli þar sem heytir Erfers-eyjasel*.“ (Jarðabók 1982:254).

Ekki er líklegt að þeir Árni og Páll hafi ruglast í selstöðum þessara býla, enda lítur svo út að selin hafi verið í notkun þegar þeir segja frá þeim.

Rústirnar báðar eru í minni dals sem Seldalur heitir og á svæðinu eru hólur sem Selhólar heita „*þar sem selið var, heita Selhólar*“ (Örnefnakort, Örnefnaskrá, Athugasemdir).

Í einni athugasemd við Örnefnaskrá Lækjarbotna segir að Örfirisey hafi haft í seli undir Selhólum, en ekki Viðey (Örnefnaskrá. Athugasemdir). Þetta hlýtur að vera misskilningur sem stafar af því að selin eru svo nálægt hvort öðru.




Mynd 5. Staðsetning steins með áletrun skammt austur af Fossvallarétt. (Lofmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Kópavogsbær -

Niðurstaða

28 fornleifar/minjar voru skráðar á hinu kannaða svæði í upplöndum Kópavogs. Engar fornleifarnar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki, en séu hin meintu sel virkilega selstöður færast þær upp í hæsta flokk.

Tillit ætti að vera hægt að taka til þeirra allra við hugsanlegar framkvæmdir á svæðinu í framtíðinni. Í því sambandi er bent á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir á 15 m friðhelgt svæði. Yngri minjar njóta ekki friðunar. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá. Sé ekki hægt að tryggja öryggi minjanna sem eldri eru en 100 ára þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.



Mynd 6. Túnakort af Lögbergi frá árinu 1916. Sjá má afstöðu bæjarhúsana við kálgarðinn. Á góðum loftmyndum sést móta fyrir húsunum. Hægra megin er túnakort Lækjarbotna (Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort Lögbergs).

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gefin út af Hinu ísl. Fræðafjelagi í Kaupmannahöfn. Þriðja bindi. Ljóspr. útgáfa. Kaupmannahöfn 1982.

Loftmyndir ehf.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Sigrún Hannesdóttir, Snædís Sunna Thorlacius, Ómar Valur Jónasson og Steinunn Kristjánsdóttir. *Dysjar hinna dæmdu. Rannsókn á Hallberuhelli í Lækjarbotnum.* Reykjavík 2019.

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins ísl. bókmenntafélags. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Ný útgáfa. Sögufélag. Reykjavík 2007.

Túnakort. Lögberg/Lækjarbotnar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnakort. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði í febrúar 1990.

Örnefnaskrá. Hólmur. Athugasemdir og viðbætur. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Örnefnaskrá Kópavogs B. Austursvæðin. Guðlaugur R. Guðmundsson mars 1990. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Lækjarbotnar. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Lækjarbotnar. Athugasemdir og viðbætur. Sigríður Jóhannesdóttir skráði eftir Jóni I. Bjarnasyni. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Fylgirit

Fornleifaskrá: Kópavogur Nr. 55:1 - 56:1, 59:1 - 76:1 og 80:1 - 85:1.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		55
Landareign	Mí:Nr	Heiti	Undirnr.	
Lækjarbotnar			1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	19.11.2019	E 371252 N 398150	Isn 93	212	4

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Vörður							Uppland Hell-Hel 09	2
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1900-		Skógrækt	Talsverð	Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?			Friðlýst?	Hvenær
Lítið	1	Lítið	1	Nei			Nei	

Lega og staðhættir

Um 80 m suður af rafmagnslínu og 90 m suður af línuvegi. Á milli staura nr. 264 - 265 við Búrfellslínu 3. Efst á klapparholti í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Vörður.

1) Varða.

0,6 x 0,6 m (NA - SV) og 1 m há. Úr grjóti. Varðan stendur á stórum steini.

12 m vestur af 1) er 2):

2) Varða.

0,6 x 0,6 m (NA - SV) og 0,5 m há. Úr grjóti. Varðan stendur ofan á klappar- eða grjóthól. Hún er fallin.

Ljósmyndirnar eru frá 2006.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S 7000

Athugasemdir

GPS var mælt við vörðu 1). Engra mótvægisáðgerða er þörf séu vörðurnar rétt aldursgreindar.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		56
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Lækjarbotnar				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	14.11.2019	E 370904 N 398003	Isn 93	220	5

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk		Fjöldi
Varða							Uppland Hell-Hel 09		1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta			Á kort?
Ekkert	Engin	Lélegt	1900-		Skógrækt	Talsverð			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2			Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	1	Lítið	1			Nei	Nei		

Lega og staðhættir

10 m suður af rafmagnslínu og um 60 m VSV af staur 265 (Búrfellslína 3). Efst á klapparhól í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

1 x 1 m (NNA - SSV) og 0,4 m há. Úr grjóti. Varðan er fallin.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S 7000

Athugasemdir

Engra mótvægisáðgerða er þörf sé varðan rétt aldursgreind. Varðan var fyrst skráð þann 6.10.2004. Ástandið er óbreytt.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			59
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Lækjarbotnar				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	7.11.2019	A 369680,6 N 399263,0	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Fjárhús							Uppland	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Skógrækt	Talsverð	Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Á grasi grónum hól um 25 m NV af skátaskála í Gömlubotnum (Lækjarbotnum).

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*.
Skýrslur Árbæjarsafns XLVI. Reykjavík 1995.

Lýsing

Fjárhús.

10,5 x 14 m stórt (A - V). Veggir úr hraungrýti, 1 - 1,4 m breiðir og 0,4 - 0,7 m háir. Í rústinni eru fjögur hólfi (A - D). Dyr eru á hólfi A, B og C mót vestri og þar hefur verið timburþil.

Milliveggir A, B og C eru 1,4 m frá N-, og S veggjum og 1 m frá dyrum (opi). Eru þeir 8 m langir, 0,7 m breiðir og 0,3 m háir. Veggir þessir eru trúlega garðar. Á milli hólfs D og hinna er veggur. Gólfið í hólfi D (hlaða) er um 0,5 m lægra en í hinum hólfunum.

Rústin er vel gróin grasi og mosa.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Nr. 109 í fornleifaskrá Reykjavíkur. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			60
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Lækjarbotnar				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	7.11.2019	E 369763,5 N 399254,2	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rétt		Uppland	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900		Skógrækt	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í grasi grónni hvílt við læk (Botnslæk), um 45 m A af skátaskála í Gömlubotnum (Lækjarbotnum).

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*.
Skýrslur Árbæjarsafns XLVI. Reykjavík 1995.

Lýsing

Rétt.

Hringlaga, um 12 m í þvermál. Veggir eru úr grjóti, 1 - 1,4 m breiðir og 0,3 - 0,4 m háir. Dyr eru mót vestri og austri.

Við vestur dyrnar norðan megin gengur garður (kampur) í vestur og er hann 1 m langur.

Í miðju hringins er hlaðinn og fylltur hringur, 1,6 m í þvermál. Hann hefur verið notaður sem eldstæði af skátum.

Líklegt er að skátar hafi endurhlaðið réttina.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Nr. 110 í fornleifaskrá Reykjavíkur. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			61
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Lækjarbotnar		Erferseyjarsel-Viðeyjarsel		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	7.11.2019	E 369596,9 N 399249,5	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Sel?							Uppland	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ábúð	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Skógrækt	Talsverð	Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	7	Talsvert	7		Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Á grasi grónni hæð, um 20 m SSA af skátaskála í Gömlubotnum (Lækjarbotnum).

Lýsing

Sel?

5 x 8,5 m stórt og sporöskjulaga. Veggir úr torfi og grjóti, 0,3 - 0,4 m háir, en breidd þeirra er óljós en gætu verið um 1,5 m.

Dyr snúa mót vestri.

Grjót sést í suðurhlutanum (röð af steinum við gaflinn innanverðan) og við dyr sunnanmegin innanvert.

Um 5 m frá rústinni eru fornleifar nr. 66:1.

Í Örnefnaskrá segir að sel hafi verið frá Viðey inn með Gömlubotnum. Þessi rúst eða nr. 65:1 gætu verið umrætt sel, annaðhvort tvær kynslóðir eða sel frá mismunandi býlum.

Í Jarðabók segir að Örfyrisey hafi átt í seli undir Selfjalli (Jarðabók 1982:254).

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Skýrslur Árbæjarsafns XLVI. Reykjavík 1995.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. III. bindi. Ljóspr. útgáfa. Reykjavík 1982.
Örnefnaskrá. Hólmur. Athugasemdir og viðbætur. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.
Örnefnaskrá. Lækjarbotnar. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Teikning og ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Nr. 111 í fornleifaskrá Reykjavíkur. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			62
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Lækjarbotnar		Hallberuhellir		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	7.11.2019	E 369850,6 N 399203,6	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Fjárból		Uppland	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Talsverð	Ágætt	1550-1900		Skógrækt	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Um 150 m ASA af skátaskála. Austan og ofarlega í syðra árgljúfri af tveimur (uppbönuð) í Gömlubotnum (Lækjarbotnum).

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Skýrslur Árbæjarsafns XLVI. Reykjavík 1995.
Sigrún Hannesdóttir, Snædis Sunna Thorlacius, Ómar Valur Jónasson og Steinunn Kristjánsdóttir. Dysjar hinna dæmdu. Rannsókn á Hallberuhelli í Lækjarbotnum. Reykjavík 2019.
Örnefnakort. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði í feb. 1990.
Örnefnaskrá Kópavogs B. Austursvæðin. Guðlaugur R. Guðmundsson mars 1990. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Fjárból.

5 x 7 m stórt (NV - SA) og 1,6 m hátt. Dyr eru mót SSV og eru 1 x 2 m stórar. SA hlutinn er hlaðinn úr grjóti og myndar vegg, sem nær frá dyrum og inn eftir NA hlið. Sama gildir um SV hliðina. Gólfið í NV enda var upphækkað um 0,3 m við fyrri skráningu 1994, en hefur verið hækkað um 20 sm til viðbótar í seinni tíð. Nær það rúma 2 m út á gólfið frá endanum. Gat er í lofti í NV enda.

Við S enda A langveggjar er náttúrulegt set.

Á miðju gólfi er nýlegt eldstæði.

Haustið 2019 var hellirinn mældur upp í tengslum við verkefnið Dysjar hinna dæmdu. Í hellinum er talið af Margrét Símonardóttir og Eyvindur Jónsson hafi dvalið um hríð, en þau voru líflátin árið 1677 (Sigrún Hannesdóttir o. fl. 2019).

Ekki var hægt að aldursgreina hellirinn, en minjar um veru skáta fundust í honum.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Nr. 112 í fornleifaskrá Reykjavíkur. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			63
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Lækjarbotnar				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	7.11.2019	E 370331,0 N 399845,0	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Grafreitur							Uppland	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Ágætt	1900-		Skógrækt	Lítill	Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2		Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Efst á stórum grasi grónum hól (Túnhóll) í Lækjarbotnum. Um 90 m SV af þjóðvegi 1.

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Skýrslur Árbæjarsafns XLVI. Reykjavík 1995.

Lýsing

Grafreitur.

Reiturinn er afgirtur, 9 x 9 m stór. Í reitnum er steipt plata, 2 x 2 m stór og 0,2 - 0,4 m há. Á plötunni eru tvær koparskífur. Á annarri áletruninni stendur:

+
Guðmundur Helgi Sigurðsson
Lögbergi
F. 17.12.1876 D. 4.11.1957

Á hinn stendur:

+
Svavar Hjalti Guðmundsson
Ási
F. 5.4.1913 D. 28.1.1995

Innan girðingarinnar vaxa birkitré á allar hliðar reitsins. Hlið er á reitnum í austur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Nr. 113 í fornleifaskrá Reykjavíkur. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			64
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Lögberg/Lækjarbotnar		Lögberg		1-5

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	7.11.2019	E 370282,1 N 399876,3	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Bæjarstæði							Uppland	5
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Lélegt	1860		Skógrækt	Talsverð	Já	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	7	Talsvert	7		Nei	Nei		

Lega og staðhættir

NV við grasi grónum hól (Túnhóll) í Lækjarbotnum. Um 75 m SV af þjóðvegi 1.

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*.

Skýrslur Árbæjarsafns XLVI. Reykjavík 1995.


Túnakort. Lögberg (Lækjarbotnar). Þjóðskjalasafn Íslands.

Lýsing

Bæjarstæði.

Á um 150 x 300 m stóru svæði. Túngarður er um nær allt bæjarstæðið og eru tún mjög vel gróin að mestu, þó rof séu hér og hvar að norðanverðu. Sjálf bæjarhúsin hafa verið sléttuð, en þó má sjá að þau hafa staðið við háa garða sem mynda L og eru hér skráðir undir númerinu 64:1.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Nr. 114 í fornleifaskrá Reykjavíkur. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			64
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Lögberg/Lækjarbotnar		Lögberg		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	7.11.2019	E 370242,0 N 399914,0	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Bæjarrústir							Uppland	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Lélegt	1860		Skógrækt	Talsverð	Já	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei		

Lega og staðhættir

NV við grasi grónum hól (Túnhóll) í Lækjarbotnum. Um 75 m SV af þjóðvegi 1.

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Skýrslur Árbæjarsafns XLVI. Reykjavík 1995.


Lýsing

Bæjarrústir.

Um 25 x 30 m stórt (NV - SA). Á staðnum sést í hlaðna kanta í NA og SA hlutanum og eru þeir allt að 1,6 m háir. Að öðru leiti sjást þess engin merki að hús hafi staðið á staðnum enda svæðið sléttað. Á góðum loftmyndum mótast þó fyrir bæjarhúsunum.

Neðri myndin sýnir NA-horn kálgarðsins og húsinn stóðu handan þess sbr. túnakortið.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Nr. 114 í fornleifaskrá Reykjavíkur. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			64
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Lögberg/Lækjarbotnar		Lögberg		2

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	7.11.2019	E 370253,0 N 399927,9	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Fjárhús							Uppland	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Ágætt	1860		Skógrækt	Talsverð	Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2			Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6			Nei	Nei	

Lega og staðhættir

NV við grasi grónum hól (Túnhóll) í Lækjarbotnum. Um 75 m SV af þjóðvegi 1.

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Skýrslur Árbæjarsafns XLVI. Reykjavík 1995.

Lýsing

Fjárhús.

11 x 16 m stórt (NV - SA). veggir úr grjóti og torfi, 1,5 - 2 m breiðir og 0,3 - 1,7 m háir.

Í rústinni eru tvö hólfi (A og B). Dyr eru á hólfi A (eystra) mót NV, en þar vantar vegg sem bendir til þess að þar hafi verið timburþil.

Gólfið í hólfi B (hlaða) er grafið niður.

Eftir endilöngu hólfi A á miðju gólfi gengur garður (jata), um 6 m langur, 0,6 m breiður og 0,3 m hár.

Garðlög eru mjög greinileg í báðum hólfum innanverðum.

Við SA horn rústarinnar er 5 x 8 m upphækkaður hlaðinn flötur sem geymir rúst, enda sjást hleðslusteinar við NV horn hans.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Nr. 114 í fornleifaskrá Reykjavíkur. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			64
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Lögberg/Lækjarbotnar		Lögberg		3

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	8.11.2019	E 370376,1 N 399851,3	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
